Skemmtiferðaskip og nærsamfélagið
LÝSA – Upplýsandi hátíð um samfélagsmál
Hofi, Akureyri, 7. september 2018

# Skipin koma
## - hvað svo?

Þórný Barðadóttir
Rannsóknamiðstöð ferðamála
thorny@unak.is

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Rannsóknir RMF tengdar skemmtiferðaskipum

## Viðtalsrannsókn vor 2017

### - móttöku- og þjónustuaðilar




Viðmælendur í héraði

- hafnir: 4
- sveitarfélög: 4
- ferðaþjónusta: 3

Viðmælendur á landsvísu

- hagsmunasamtök: 1
- ferðaheildsalar: 2
- skipaumboð: 2



## Farþegakannanir við Akureyrarhöfn

- 2017: spurningakönnun
  - 430 listar
- 2018: spurningalistar & viðtöl (yfirstandandi)
  - 417 listar
  - 10 viðtöl





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Skemmtiferðaskip við Ísland




RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Viðkomustaðurinn Ísland

- *- er í tísku*

  *...það sem hefur hjálpað Íslandi hvað mest held ég að sé bara þessi almenna umfjöllun um Ísland og að fólk vilji koma hingað og þá náttúrulega bara elta skipin líka…* (ferðaheildsala)

- *- er öruggt*

  *...þau eru í vandamálum náttlega eins og í Miðjarðarhafinu, allt í ófriði og fargani þannig að þeir vilja koma hingað í öryggið. Fólk vill vera í örygginu...* (höfn)

- *- er tekjulind*

  *... það selst rosalega vel í ferðir hér ... þetta er ein helsta bara tekjulindin þeirra er í rauninni, það sem þau ná að selja þegar fólkið er komið um borð í skipið. Þau eru ekkert endilega að græða mikið á sko siglingunni sjálfri...* (ferðaheildsala)

# Ferðaþjónusta í héraði

- *... skemmtiferðaskipaiðnaðurinn er samt alltaf frekar umdeildur. Það eru sumir sem bara eru á móti þessum farþegum og þessi sífellda umræða um að þeir skilji ekkert eftir sig...* (ferðaheildsala)

- *... það skilur ekki eftir sig ef þið eruð ekki að reyna að selja þeim eitthvað ... það þarf að vera til afþreying og ef hún er ekki til staðar, þá þarf einhver að bjóða upp á hana ...* (hagsmunasamtök)

- *... að fólk verði að muna að það verði að bera sig eftir björginni, að það gerist ekkert ef þú situr bara með lokaða hurð en ólæsta. Þú verður að opna hurðina ... dálítið að leggja á þig...* (ferðaþjónusta)

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Áningastaður / viðkomustaður?

- *... þetta er verst í rauninni ... þar sem þau eru ekki með þetta sem er í boði og þá er þetta bara svolítið svona flugvöllur...* (ferðaheildsala)
- *...ótrúlega mikill spenningur fyrir að bjóða upp á nýjar hafnir og ég er að fá beiðnir um staði sem ég hef ekki heyrt um áður á Íslandi ...* (skipaumboð)



8. Did you take on an arranged tour while docking in Akureyri?

☐ Yes

☐ Bought as part of the overall cruise | ☐ Bought from / through the Cruise
☐ Bought from service provider(s) | ☐ Bought on shore
☐ Other ______________________

☒ No – why?

☐ Found no tour of interest | ☐ Wanted to be alone
☐ Did not know about any tours | ☐ Have been here before
☐ Found all tours too expensive | ☒ Other: Not Needed

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Gestirnir tala

- *Búið til áfangastaðinn!*
  - Skortur á upplýsingum um viðkomuhafnir
    - *(…great like in Siglufjörður…)*
  - Engar upplýsingar að hafa frá upplýsingadeildum skipa

- *Þurfið að „tala" beint til skipafarþega*
  - Tími ferðar segir ekkert:
    - *(… just say: we will get you on board again…)*



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Skemmtiferðaskip = fleirtala

*... Þetta eru tveir meginflokkar af skipum ... þessi stóru skemmtiferðaskip sem eru bara fljótandi hótel, geta verið með kannski 6.000 manns um borð samtals með áhöfn og farþegum. Þetta er allt niðurneglt langt fram í tímann.*
*Svo erum við líka með minni skip sem við köllum leiðangursskip ... Þau eru sveiganlegri, miklu minni og ekkert mál að troða þeim inn á milli...* (skipaumboð)

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Skemmtiferðaskip við Ísland




RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE
















RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Ferðaþjónusta í höfnum



*… þar eru lyftarar og fiskikör og bara höfnin iðar af lífi … svo kemur allt í einu bara eitthver skemmtiferðaskip og allt í einu bara þramma út eitthvað þúsund manns og þú, þú þarft að stýra þessu…* (sveitarfélag)

*... trillusjómönnum finnst þeir bara eiga þetta athafnasvæði og þetta sé þeirra vinnusvæði og þeir þurfi að hafa sínar græjur og þeim finnst ekkert sjálfsagt kannski að eyða heilum degi í tiltekt ...* (ferðaþjónusta)

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Mikið eða um of?

- *Höfnin per se getur alveg tekið við einhverri aukningu en við viljum nú kannski geta raðað þessu aðeins betur niður...* (höfn)

- *... helstu áskoranirnar hjá okkur eru þegar það eru crasses, þegar það eru tvö, þrjú, fjögur skip sama dag… við eigum bara ekki fleiri rútur, við eigum ekki fleiri guida...* (ferðaheildsala)

- *... þú getur verið með kannski þrjú skip einn daginn svo líða fjórir dagar og þá kemur ekkert ... þetta er bara ballans sem erfitt er að ráða við ...* (ferðaþjónusta)



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Mismunandi hagsmunir

- *... hafnirnar græða mest á því að fá stærri skipin til sín ... þeir rukka pr. brúttótonn og pr. farþega ...* (skipaumboð)

- *...stóru skipin eru þau skip sem gefa okkur minnst. Kostnaðurinn við þau er svo mikill. Leiðsögumenn fljúga inn, kosta okkur 60 þúsund áður en þeir byrja að tala skilurðu ... Við fáum kannski 4 bíla frá [...] þeir koma nóttina áður og gista. Þetta eru [...]hundrað kílómetrar sem þeir keyra tómir...* (ferðaheildsala)

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Hlutverk við móttöku og þjónustu

| Hagsmunaaðili | Viðskiptavinur | Þjónustueining | Samskipti við skipafélög? |
|---|---|---|---|
| **Skipaumboð** | Skipafélög | Skip | Já<br>- skipulagsdeildir siglingaleiða |
| **Hafnir** | Skipaumboð/skip | Skip | NEI |
| **Ferðaheildsalar** | Skipafélög | Farþegar | Já<br>- skipulagsdeildir afþreyingar |
| **Ferðaþjónusta í héraði** | Ferðaheildsalar/farþegar | Farþegar | NEI |
| **Sveitarfélög** | Farþegar | Farþegar | NEI |
| **Hagsmunasamtök** | Aðildarfélagar | Skip og farþegar | Já<br>- markaðsdeildir |
| **Aðrir þjónustuaðilar** | Skipaumboð/ferðaheildsalar/<br>hafnir/ferðaþjónusta | Skip og/eða farþegar | Nei |

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Þörf fyrir stýringu og regluverk

- *Áskoranir! Það er bara að setja ramma í kringum ferðamannaiðnaðinn og skemmtiferðaskipin á Íslandi tel ég ... Bara lög. Hvað má og hvað má ekki …við erum á svo gráu svæði, bara að fá skýrar reglur. Þetta er það sem mér finnst svona mesta ólgan í þessu…* (skipaumboð)

- *Við myndum alveg gjarnan vilja sjá meiri aðgangsstýringu… Hafnirnar hafa ekki mikið vilja gera þetta, af því að þeim finnst það ekki vera sitt hlutverk og ef að þær sjá að þeir hafa hafnarplássið þá finnst þeim það vera verkefni annarra að greiða úr því ...* (ferðaheildsala)

- *… það er bara, hver á að taka af skarið?* (sveitarfélag)

RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM RESEARCH CENTRE

# Sjálfbær ferðamennska

*Sjálfbær ferðaþjónusta krefst upplýstrar aðkomu allra gildra hagsmunaaðila auk styrkrar stýringar stjórnvalda, til að tryggja víðtæka aðkomu og niðurstöðu sem byggir á sátt* (SÞ)



# Takk fyrir

